

Ágúst 2004

BYGGÐARLÖG Í SÓKN OG VÖRN

Greining á styrk, veikleikum, ógnunum
og tækifærum byggðarlaga á
landsbyggðinni



Byggðastofnun

FORMÁLI

Haustið 2003 ákvað stjórn Byggðastofnunar að fela þróunarsviði stofnunarinnar uppfærslu á skýrslu Byggðastofnunar frá október 2001 um stöðu sjávarbyggða á landinu. Ákveðið var að bæta við upplýsingum um aðra byggðakjarna.

Í þessari skýrslu eru birtar tölulegar upplýsingar um íbúapróun frá árinu 1991 til loka árs 2003, efnahags- og rekstrarstöðu sveitarfélaga miðað við fjölda íbúa árið 2002, meðal tekju- og fjárhagsstöðu íbúa eftir landshlutum árið 2003, breytingu á fjölda starfa eftir landshlutum frá árinu 1998 til 2002 og hlutfall afla og fiskvinnslu eftir landshlutum frá árinu 1999 til 2003. Leitað var fanga hjá stofnunum eins og Fiskistofu, Hagstofu Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Ríkisskattstjóra. Stuðst var við ýmsar ritaðar heimildir og skýrslur gerðar af Byggðastofnun.

Íbúapróun á landinu er með svipuðum hætti og í öðrum löndum. Aldurstré Íslendinga er að gildna í efri aldurshópum, sem segir okkur að fleiri og fleiri ná hærri aldri en áður. Við samanburð á aldurstrjám landsbyggðar og aldurstré á landsvísu kemur í ljós að eldri karlar ílengjast frekar á landsbyggðinni en konur. Í öllum landshlutum nema á Reykjanesi kemur fram svokallað mitti í aldurstré landshluta miðað við aldurstré á landsvísu árið 2003. Mittið sýnir okkur að hlutfallslega færri eru í viðkomandi aldurshópi á landssvæðinu en á landsvísu. Í þessu tilfalli er um að ræða aldurshópana frá 25 til 39 ára sem virðast frekar safnast saman á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni.

Störf á landinu öllu voru samtals 155.680 í árslok 2003, þeim hefur fækkað frá árinu 2002 um 390 störf, en frá 1998 hefur störfum fjölgað á landinu um 10.140 eða 7,0%.

Þá var gerð svokölluð SVÓT-greining, en tilgangur hennar er að finna staðbundin sóknarfæri varðandi atvinnu og búsetu. Greiningin er byggð á viðtölum starfsmanna þróunarsviðs Byggðastofnunar við bæjar- og sveitarstjóra í 53 sveitarfélögum ásamt upplýsingum sem fram komu í spurningakönnun sem fram fór á netinu og var gerð meðal sömu aðila á liðnum vetri. Þótt greiningin sé byggð á viðtölum við bæjar- og sveitarstjórana er höfunda yfirleitt ekki getið og allt sem fram kemur í skýrslunni er því á ábyrgð Byggðastofnunar. Að lokum eru teknar saman upplýsingar um atvinnu- og samfélagsþætti bæjar- og sveitarfélaga eftir landshlutum byggt á svörum bæjar- og sveitarstjóra við áður nefndri spurningakönnun.

Fólksflutningur frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins er alvarlegt vandamál hérlendis. Íbúum hefur fækkað víðast hvar á landsbyggðinni og störfum hefur einnig fækkað, einkum í landbúnaði og fiskveiðum. Markmiðið SVÓT-greiningarinnar er að afla upplýsinga þannig að Byggðastofnun geti á skjótan hátt metið atvik sem kunna að koma upp í einstaka byggðarlagi og brugðist við þeim.

Búseturöskunin stafar einkum af breyttum atvinnuháttum og breyttu gildismati fólks. Mismunandi landsvæði hafa mismunandi eiginleika og möguleika. Til að bregðast við búseturöskuninni er mikilvægt að þekkja hvar möguleikar byggðarlaganna liggja og úr hverju þarf að bæta. Það gefur heimamönnum vísbendingu um hvar helst er að leita

fanga og stjórnvöldum vísbendingu um hvar mismunandi byggðaaðgerðir eru líklegastar til að skila árangri. Þó að efni þessarar skýrslu sé skipt upp eftir landshlutum ber ekki að líta svo á að hægt sé að setja öll sveitarfélög í viðkomandi landshluta undir sama hatt.

Skammstöfunin **SVÓT** í **SVÓT**-greining stendur fyrir **Styrkur**, **Veikleikar**, **Ógnanir** og **Tækifæri**. Á ensku nefnist aðferðin **SWOT**-analysis, þar sem **SWOT** stendur fyrir **Strengths**, **Weaknesses**, **Opportunities** and **Threats**. **SVÓT**-greining er því greining á styrk, veikleika, ógnunum og tækifærum þess sem rannsakað er. Greiningin byggir á forrannsókn, þar sem upplýsingum er safnað og úr þeim unnið á hefðbundinn hátt. Forrannsóknin getur verið sjálfstæð rannsókn eða söfnun fyrirbyggjandi gagna. Þau gögn geta verið fengin úr öðrum rannsóknum eða skýrslum, fjölmiðlum o.s.frv. Í sjálfri **SVÓT**-greiningunni eru niðurstöðurnar síðan flokkaðar á kerfisbundinn hátt og settar fram á formi umsagna (statements). Strangt tekið er því sjálf **SVÓT**-greiningin ekki rannsóknaraðferð, heldur flokkunarkerfi á niðurstöðum úr forrannsókn, sem getur farið fram á ýmsan hátt. Ekki eru gerðar aðrar kröfur en þær að gögnin séu áreiðanleg og umsagnirnar eins réttar og hægt er.

SVÓT-greining var upphaflega þróuð til hagstjórnarrannsókna fyrir fyrirtæki, en hefur síðan náð mikilli útbreiðslu á ýmsum öðrum sviðum. Aðferðin er einföld og leiðir í ljós hvar styrkurinn liggur, hvar skórin kreppir að, hvaða möguleikar eru fyrir hendi og hvaða hættur eru yfirvofandi ef ekkert er að gert. Styrkur og veikleikar eru oftast innri eiginleikar eða eitthvað sem viðkomandi hefur til ráðstöfunar. Byggja má á styrknum og bæta úr veikleikunum eða draga úr áhrifum þeirra með áherslubreytingum. Ógnanir

og tækifæri eru oftast tengd ytra umhverfi eða aðstæðum, einhverju sem ekki er þegar til staðar, en krefst einhverra aðgerða til að nálgast eða forðast. Gera verður varúðarráðstafanir gegn hugsanlegum ógnunum. Á sama hátt er hægt að gera ráðstafanir til að grípa tækifærin, og þau geta orðið grundvöllur framsækinna framtíðaráætlana.

Aðalkostur aðferðarinnar er að niðurstöðurnar eru aðgengilegar og þær er hægt að nota beint, en ekki þarf að leita að þeim í löngum texta eða byrja á að lesa langa kafla um aðferðafræði til að vita hvernig á að nota þær. Mikilvægt er í því sambandi að skrá einungis upplýsingar sem skipta máli fyrir markmið greiningarinnar. Annar kostur er að auðvelt er að uppfæra niðurstöður, ef þær eru háðar breytingum í tíma. Vegna þess hve aðferðin er einföld og aðgengileg verður að gæta varúðar við notkun hennar. Í fyrsta lagi getur formið á framsetningunni gefið til kynna að allt sé talið með sem skiptir máli. Í rannsóknum er það þó sjaldan svo, því sjaldan er hægt að reikna með að allir þættir skili sér. Hve mikið sem vandað er til vinnunnar er alltaf eitthvað sem fer framhjá þeim sem greininguna framkvæma. Í öðru lagi er ekki innbyggt í aðferðina að meta hlutfallslegt vægi eða mikilvægi niðurstaðna. Það getur ýmist verið í höndum þess sem gerir greininguna, og verður þá að gera sérstaka grein fyrir því, eða í höndum þess sem notar niðurstöður greiningarinnar við gerð framkvæmdaáætlunar.

Nú þegar vinnu við skýrsluna er lokið er næsta skref að nota niðurstöðurnar við gerð frekari áætlunar. Mikilvægt er að fram komi að höfundar telja að greiningin sýni í besta falli stöðu byggðarlagsins út frá viðtölunum og öðrum þeim gögnum sem fyrir lágu.

Ekki er reiknað með að skipuleggja aðgerðir byggðar eingöngu á þeim upplýsingum sem hér birtast. Gera ber og þann fyrirvara, að óvíst er að í greiningunni séu taldir upp allir þættir er varða styrk, veikleika, ógnanir og tækifæri á öllum landsvæðum, enda kann margt að hafa breyst á skömmum tíma. Því er nauðsynlegt að greiningin sé í stöðugri endurskoðun. Einnig ber að hafa í huga að upptalning þátta í SVÓT-greiningunni er ekki tæmandi eða fyllilega sambærileg milli einstakra staða. Þá er alla jafna miðað við þéttbýliskjarnann einan og sér í skýrslunni, en stundum er talað um sveitarfélagið í heild, t.d. í umfjöllun um fjárhag sveitarfélaga.

Að lokum ber að þakka þeim 53 bæjar- og sveitarstjórum sem þátt tóku svo og starfsmönnum atvinnuþróunarfélaga fyrir gagnlegar ábendingar.

Ágúst 2004.

Halldór V. Kristjánsson og Sigríður K. Þorgrímsdóttir.

MUNNLEGAR HEIMILDIR

- 1 Albert Eymundsson sveitarstjóri sveitarfélagsins Hornafjarðar
- 2 Ágúst Ingi Ólafsson sveitarstjóri Rangárþings eystra
- 3 Áki Hermann Guðmundsson oddviti Skeggjastaðahrepps
- 4 Árni Sigfússon bæjarstjóri Reykjanesbæjar
- 5 Ársæll Guðmundsson sveitarstjóri sveitarfélagsins Skagafjarðar
- 6 Ásdís Leifsdóttir sveitarstjóri Hólmavíkurehrepps
- 7 Bergur E. Ágústsson bæjarstjóri Vestmannaeyjabæjar
- 8 Björn Hafþór Guðmundsson sveitarstjóri Djúpavogshrepps
- 9 Björn Ingimarsson sveitarstjóri Þórshafnarhrepps
- 10 Brynjólfur Gíslason sveitarstjóri Vesturbyggðar
- 11 Einar Njálsson sveitarstjóri sveitarfélagsins Árborgar

- 12 Einar Pétursson bæjarstjóri Bolungarvíkurkaupstaðar
- 13 Einar Thorlacius sveitarstjóri Reykhólahrepps
- 14 Elvar Árni Lund sveitarstjóri Öxarfjarðarhrepps
- 15 Eyþór Björnsson bæjarstjóri Grundarfjarðarbæjar
- 16 Gísli Gíslason bæjarstjóri Akraneskaupstaðar
- 17 Guðmundur Bjarnason sveitarstjóri Fjarðabyggðar
- 18 Guðmundur Ingi Gunnlaugsson sveitarstjóri Rangárþings ytra
- 19 Guðmundur Guðlaugsson bæjarstjóri Siglufjarðarkaupstaðar
- 20 Guðný Hrund Karlsdóttir sveitarstjóri Raufarhafnarhrepps
- 21 Guðný Sverrisdóttir sveitarstjóri Grýtubakkahrepps
- 22 Gunnsteinn R. Ómarsson sveitarstjóri Skaftárhrepps
- 23 Halldór Halldórsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar
- 24 Haraldur L. Haraldsson sveitarstjóri Dalabyggðar
- 25 Ísólfur Gylfi Pálmason sveitarstjóri Hrunamannahrepps
- 26 Jenný Jensdóttir sveitarstjóri Kaldrananeshrepps
- 27 Jens Pétur Jensen sveitarstjóri Fellahrepps
- 28 Jóhanna Reynisdóttir sveitarstjóri Vatnsleysustrandarhrepps
- 29 Jóna Fanney Friðriksdóttir bæjarstjóri Blönduósbæjar
- 30 Kristinn Jónasson bæjarstjóri Snæfellsbæjar
- 31 Magnús Þorsteinsson sveitarstjóri Borgarfjarðarhrepps
- 32 Magnús Jónsson sveitarstjóri Höfðahrepps
- 33 Orri Hlöðversson bæjarstjóri Hveragerðisbæjar
- 34 Óðinn Gunnar Óðinsson verkefnisstjóri í Austur-Héraði
- 35 Ólafur Áki Ragnarsson sveitarstjóri sveitarfélagsins Ölfuss
- 36 Ólafur Magnús Birgisson sveitarstjóri Tálknafjarðarhrepps
- 37 Ólafur Örn Ólafsson bæjarstjóri Grindavíkurbæjar
- 38 Óli Jón Gunnarsson bæjarstjóri Stykkishólmsbæjar
- 39 Ómar Már Jónsson sveitarstjóri Súðavíkurrepps
- 40 Páll S. Brynjarsson sveitarstjóri Borgarbyggðar
- 41 Ragnar Jörundsson sveitarstjóri Hríseyjarhrepps
- 42 Reinhard Reynisson bæjarstjóri Húsavíkurbæjar
- 43 Sigbjörn Gunnarsson sveitarstjóri Skútustaðahrepps
- 44 Sigfríður Þorsteinsdóttir sveitarstjóri Breiðdalshrepp
- 45 Sigurður Valdimar Bragason sveitarstjóri Dalvíkurbyggðar
- 46 Sigurður Valur Ásbjarnarson bæjarstjóri Sandgerðisbæjar
- 47 Sigurður Jónsson sveitarstjóri sveitarfélagsins Garðs
- 48 Skúli Þórðarson sveitarstjóri Húnaþings vestra
- 49 Stefanía Traustadóttir bæjarstjóri Ólafsfjarðarbæjar
- 50 Stefán Bragason bæjarritari í Austur-Héraði
- 51 Steinþór Pétursson sveitarstjóri Austurbyggðar
- 52 Sveinn Pálsson sveitarstjóri Mýrdalshrepps
- 53 Tryggvi Harðarson bæjarstjóri Seyðisfjarðarkaupstaðar
- 54 Þorsteinn Steinsson sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps
- 55 Þorsteinn Broddason atvinnuráðgjafi Anvest í Skagafirði
- 56 Þórður Kristleifsson ferða- og atvinnumálafulltrúi Dalvíkurbyggðar

ÝMSAR HEIMILDIR

Byggðastofnun

Byggðarlög í sókn og vörn. Sjávarbyggðir, október 2001.

Fiskistofa

Tölur um landaðan og unninn afla árin 1999 til 2003. Ari Arason,
Fiskistofu.

Hagstofa Íslands

<http://www.hagstofa.is/>

Ríkisskattstjóri

Heildartekjur og eignir gjaldenda samkvæmt skattframtölum árin 1998 til 2003. Páll Kolbeins, skrifstofa Ríkisskattsjóra.

Samband íslenskra sveitarfélaga

<http://www.samband.is/> og heimasíður viðkomandi sveitarfélaga.

ÁBENDINGAR

- 1 Aðalsteinn Óskarsson framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða
- 2 Árni Ragnarsson sérfræðingur á þróunarsviði Byggðastofnunar
- 3 Baldur Valgeirsson framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Norðurlands vestra
- 4 Guðbjörg Jóhannsdóttir atvinnuráðgjafi Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum
- 5 Guðmundur Guðmundsson sérfræðingur á þróunarsviði Byggðastofnunar
- 6 Gunnar F. Vignisson verkefnisstjóri byggðasviðs Þróunarstofu Austurlands
- 7 Haraldur A. Haraldsson atvinnuráðgjafi í Vesturbyggð og nágrenni
- 8 Hildur Claessen ritari á þróunarsviði Byggðastofnunar
- 9 Magnús Þór Ásgeirsson framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar
- 10 Ólafur Sveinsson framkvæmdastjóri SSV- þróunar og ráðgjafar
- 11 Pétur Grétarsson lánasérfræðingur á fyrirækjasviði Byggðastofnunar
- 12 Róbert Jónsson framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands
- 13 Sigríður Elín Þórðardóttir sérfræðingur á þróunarsviði Byggðastofnunar
- 14 Snorri Björn Sigurðsson forstöðumaður þróunarsviðs Byggðastofnunar
- 15 Tryggvi Finnsson framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga
- 16 Þórarinn Sólmundarson sérfræðingur á þróunarsviði Byggðastofnunar

